



S A M K E P P N I S E F T I R L I T I Ð

Til hagaðila

ATH. aðeins sent með tölvupósti.

Reykjavík, 5. ágúst 2020

Tilv.: 2007006

Efni: Umsagnarbeiðni vegna fyrirhugaðra kaupa Storytel AB á 70% hlut í Forlaginu ehf.

Samkeppniseftirlitinu var þann 20. júlí sl. tilkynnt um fyrirhuguð kaup Storytel AB (hér eftir Storytel) á 70% eignarhlut í Forlaginu ehf. (hér eftir For lagið), sbr. meðfylgjandi samrunaskrá. Storytel er fyrirtækjasamstæða sem samanstendur af tveimur viðskiptahliðum, útgáfu og streymi. Starfsemi Storytel á Íslandi fer einkum í gegnum dótturfélag Storytel, Storytel Iceland ehf., og felst einkum í sölu á áskriftum að streymisveitu Storytel og dreifingu íslenskra hljóðbóka og rafbóka á grundvelli dreifingarsamninga við bókaútgefendur. For lagið er útgáfufyrirtæki á Íslandi. Félagið gefur út bækur undir merkjum JPV útgáfu, Máls og menningar, Vöku-Helgafells, Ókeibóka og Íðunnar og selur til endurseljenda. For lagið rekur einnig eina bókabúð auk vefverslunar.

Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum að rannsaka samruna og ber í því sambandi að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni með umtalsverðum hætti og skaði þar með hagsmuni almennings eða atvinnulífs. Við mat á áhrifum samruna aflar Samkeppniseftirlitið gagna frá aðilum sem eftir atvikum geta verið viðskiptavinir eða keppinutar samrunaaðila, eða tengst mörkuðum málsins á einhvern hátt.

Í ljósi þess að fyrirtækið kann að hafa hagsmuni af athugun samrunans vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli yðar á samrunanum og jafnframt veita tækifæri á því að veita umsögn vegna samrunans. Þess er óskað að umsögn vegna samrunans berist eins fljótt og auðið er eða eigi síðar en **13. ágúst nk.**

Innihaldi sjónarmið og svör fyrirtækisins trúnaðarupplýsingar er mikilvægt að slíkt komi fram og að Samkeppniseftirlitinu berist þá afrit af svarinu án trúnaðarupplýsinga, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Þess er óskað að umsögn berist á netfangið elisabet.thorhallsdottir@samkeppni.is.



Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Elísabet Þórhallsdóttir

Elísabet Þórhallsdóttir

Hjálagt: Samrunaskrá án trúnaðar.